

353. fundur Skólanefndar FS

17. febrúar 2021



Mættir: Böðvar Jónsson formaður, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Jónína Magnúsdóttir, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Anna Sigríður Jóhannesdóttir og Hermann Nökkvi Gunnarsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skólastarfið og staðan í dag.
2. Önnur mál.
3. Viðbyggingin

1. Skólastarfið og staðan í dag.

Skólameistari fór yfir nokkur atriði vegna skólahalds og reksturs.

Síðustu mánuði hefur skólahald verið með breyttu sniði vegna Covid og aðeins hluti nemenda sem hefur mætt í skólann. Næsta mánudag verður breyting á en þá munu allir nemendur koma í hús og stunda nám í skólahúsnæðinu. Grímuskylda verður áfram við líði, matsal verður skipt upp ásamt fleiri ráðstöfunum til að koma í veg fyrir smithættu.

Nemendur eru 1015, þar af eru um 90 nemendur á grunnskólaaldri sem eru að taka einn eða fleiri áfanga. Brottfall nemenda hefur ekki orðið meira nú en hefðbundið er. Covid virðist því ekki valda því að fleiri hætti í námi en venjulega. Nú hafa 130 nemendur skráð sig til brautskráningar í vor sem þar með yrði stærsti útskriftarhópur í sögu skólans. Gert er ráð fyrir um 270 nýnemum á næstu haustönn og að nemendur haustannar verði þá um 1100 talsins.

Greint frá „Grænu skrefunum“ sem er umhverfisverkefni sem skólinn vinnur að og felst í 5 aðgreindum verkefnum. Eitt skref hefur nú þegar verið stigið og unnið að því næsta. Suðurnesjasprettur er verkefni sem hleypt var af stokkunum fyrir nemendur af erlendu bergi. Verkefnið felst í málstuðningi svo og kynningu á ýmsum stofnunum samfélagsins.

Menntanetið er verkefni sem ríkið setti af stað í kringum aðgerðir vegna Covid. Um er að ræða samstarfsverkefni allra menntastofnanna á Suðurnesjum og er verkefið til 3 ára. Verið er að ganga frá ráðningu starfsmanns sem mun hafa starfsstöð í skólanum.

ANK

Þarfagreining vegna verknámsaðstöðu skólans var kláruð seint á síðasta ári eins og nefndarmenn voru upplýstir um í tölvupósti. Skýrslan sýnir skýrt hversu mikil þörf er á stækkun og endurnýjun verknámsaðstöðu en aðstaðan er dreifð víða um skólabygginguna, bæði í álmu 1 og álmu 2 svo og á fyrstu og annarri hæð hússins. Núverandi stærð verknámsdeilda er samtals um 930 fermetrar sem jafngildir um 7,15 fermetrum á hvern nemanda í verknámi. Viðmiðunartölur fjárlagagerðar gera ráð fyrir að um 15 fermetrar séu á hvern nemanda verknáms. Rýmisþörf miðað við núverandi fjölda nemenda og 15 fermetra á hvern nemanda væri því um 2000 fermetrar í dag en áætlað um 2600 fermetrar eftir 10 ár og tæplega 3300 fermetrar eftir 20 ár. Greiningin hefur verið send ráðuneytinu til skoðunar.

2. Önnur mál.

- a) Hermann Nökkvi, formaður NFS fór yfir nokkur atriði sem snéru að nemendafélaginu. Félagið stóð fyrir bílátónleikum sem tókust vel og hafa önnur nemendafélög kallað eftir upplýsingum til að halda sambærilega viðburði. Valentínusarvika er nýbúin og framundan er þemavika í skólanum. Aðrir viðburðir hafa ekki verið leyfðir vegna Covid en vonir standa til að þær reglur fari að breytast fljótlega.
- b) Skólameistari greindi frá því að hann verði í leyfi næsta skólaár og mun Guðlaug Pálsdóttir, aðstoðarskólameistari, gegna starfi hans á meðan.
- c) Skólameistari greindi frá að verið væri að ganga frá ráðningu tveggja nýrra starfsmanna, annars vegar kerfisstjóra og hins vegar skjalastjóra.

3. Viðbyggingin.

Skólameistari upplýsti nefndarmenn um að viðbygging gengi vel og væri á tímaáætlun. Gert er ráð fyrir að hægt verði að taka viðbygginguna í notkun þegar skólaslit verða í vor og verður hún þá tilbúin fyrir skólahald næsta haust. Útboð húsgagna sem framkvæmt var í samstarfi við Ríkiskaup var hins vegar kært og var í framhaldi ákveðið að draga útboðið til baka og endurtaka það með breyttum forsendum. Það hefur því verið auglýst að nýju og standa vonir til þess að húsgögn verði komin áður en kemur að vígslu hússins.

Í lok fundar fóru fundarmenn og skoðuðu framkvæmdir.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Böðvar Jónsson, formaður

Halldór Rósmundur Guðjónsson

Jónína Magnúsdóttir

Rósa Dögg Þorsteinsdóttir

Gunnar Valdimarsson

Anna Sigríður Jóhannesdóttir


Hermann Nökkvi Gunnarsson

Kristján Ásmundsson